



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Norðurþing
Sigurdís Sveinbjörnsdóttir
Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

Akureyri, 17. ágúst 2021
MÍ202108-0010/ 6.09 / S.G.

Norðurhöfn - Húsavík - deiliskipulag

Með tölvupósti sendum 23. júlí 2021 óskaði aðstoðamaður skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi Norðurhafnar á Húsavík, dags. 15. júlí 2021.

Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir Húsavík sjá Elín Ósk Hreiðarsdóttir (2002) Fornleifaskráning á Húsavík. Fornleifastofnun Íslands, FS166-01171. Fornleifaskráningin uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar um fornleifaskráningu en gefur engu að síður góða hugmynd um dreifingu minja. Engar fornleifar eru sjáanlegar á yfirborði innan svæðisins og hefur Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

Afrit sent: Skipulagsstofnun

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is